

Böðvar Guðmundsson  
Þorgeir Þorsteinsson  
Þorvarður Örnólfsson



# Skiptiferð til Salten í Nordlandsfylki í Noregi í júní 2000

Skiptiferðir skógræktarfólks milli Íslands og Noregs hafa tíðkast allar götur frá því 1949 að fyrsta ferðin var farin. Ferðirnar hafa verið farnar þriðja til fjórða hvert ár og hóparnir verið frá 40 - 60 manns í hvert skipti. Ferðirnar hafa verið farnar til að auka skilning og samskipti þessara tveggja frændþjóða, og til að skapa tengsl skógarfólks beggja landa og hafa vissulega náð tilgangi sínum í því efni. Þótt sjálft erindið hafi verið það að planta skógi eða sinna skógi, þá er það ekki endilega vinnuframlagið sjálft sem situr í fyrirrúmi heldur kynni við fólk, aðstæður þess og vinnubrögð, ásamt því að kynnast landinu sem er svo gjörólíkt eyjunni okkar.



í Junkerdal, gróðursetningarstaðurinn, Solvogstindur í baksýn.


Mynd: RG.

Hinn 25. júní sl. var flogið til Bodø í Nordlandsfylki í Noregi með 42 Íslendinga, sem strax við komuna til Noregs var skipt í 3 hópa upp á 14 hausa hvern, sem ekið var með hvern á sinn stað Junkerdalen, hliðardal Saltdals,

Skjerstad við sunnanverðan Skjerstadvörð, austur af Bodø bæ, og Steigen á Engeløya við Vesturfjörð, en hann skilur milli fastalandsins og Lófótenskagans vestur við ysta haf. Skipuleggjandi ferðarinnar í Noregi var Salten skogselskap eða skógræktarfé-

lagið í Salten, en Salten er samheiti nokkurra sveitarfélaga í norðurhluta Nordlandsfylkis.

Móttakan mæddi mest á 3 mönnum, þeim Baard Haavard Viken fylkisskógmeistara, Thor Arne Nesje skogbrukssjef, og Wiggo



Utanverður Junkerdalur. Það er víða bratt í Noregi.

Mynd: B.G.

Johansen *skogmester* sem einnig var allan tímann leiðsögumaður fyrir hópinn sem lenti í Junkerdalnum.

Nordlandsfylki er afar fjöllótt og langt. Jarðfræðilegur mismunur er mikill sem endurspeglast í skóginum, því hver trjategund velur sér stað eftir jarðvegsgæðum sem eiga sér upphaf í berggrunni þeim sem undir er. Hér eru norðurlandamæri fyrir álm og linditré og setur laufskógur mikinn svip á fylkið með sínum 3 birkitegundum: viðju, selju og ýmsu fleira.

Veðurfarslegur munur er einnig mikill í þessu mjóa og langa fylki, allt frá strandloftslagi með rigningu og roki og mildum vetrum og svölum sumrum út við ströndina, til meira meginlandsloftslags inn til landsins, þar sem úrkoma er svipuð og norðan Vatnajökuls eða um 400 mm á ári. Í sunnanverðu fylkinu er Saltfjallið, sem er merkilegt fjall í skógræðilegu tilliti, því rauðgrenið sem þekur allar koppagrundir sunnan þess hefur ekki haft tíma til að komast norður yfir það á göngu sinni norður Noregsland.

Allt það rauðgreni sem nú vex norðan Saltfjallsins er þar tilkomið af manna völdum og er það víða og mikið að vöxtum á hverjum stað. Skógarfura er búin að vera lengi á þessum slóðum þótt ekki jafnist hún á við það sem best gerist sunnar í landinu. Þó sáum við þar skógarfuru allt að 25 metra háa.

Skógurinn hefur alltaf verið mikilvægur þáttur í lífi fólksins á þessum slóðum. Á ströndinni bjó mestur hluti íbúanna og lifði af fiskveiðum og landbúnaði, en skógurinn gaf efni í hús, hjalla, trönur, báta og aðra búshluti. En tiltölulega óhagstætt veðurfar, mikið högg og mikið beitarálag olli því að skógur hvarf af stórum svæðum á ströndinni. Til marks um álagið á skóginn, þá stendur skrifað í skýrslu sýslumannsins í Nordlandsfylki, að 1871 - 1875 voru byggðir í héraðunum Bindal, Vefsn, Hemnes, Mo og Saltdal alls 6.609 tíæringar, áttæringar og sexæringar. Bátasmiðjur voru víða, langt fram eftir síðustu öld og er bærinn Rognan, fyrir botni Skjerstadfjarðar, líklega þekktastur staða fyrir slíka iðju.

Nokkrar tölur yfir landstærðir og skóg í Nordlandsfylki  
 Fylkið allt er 3.630.200 ha  
 Klætt skógi 1.025.900 ha  
 Framleiðsluskógur 582.900 ha  
 Mýrar undir skógarjaðri 129.800 ha  
 Landbúnaðarsvæði í notkun 52.700 ha  
 Árlegt högg barrviðar og laufviðar 212.745 m<sup>3</sup>

Þegar lítið er á kort af suðurhluta fylkisins, koma í ljós nokkur kunnugleg nöfn sem margir ættu að þekkja. Þetta eru staðirnir hvaðan við höfum fengið fræ til ræktunar rauðgrenis á Íslandi: frá suðri til norðurs, Bindal, Grane, Vevelstad, Vefsn, Leirfjord, Hemnes, Mo í Rana. En því miður hefur rauðgrenið ekki staðist þær væntingar sem menn bundu við það hér á landi eins og flestum er kunnugt.

Íbúar Nordlandsfylkis hafa verið nokkuð duglegir við að endurplanta þeim skógi sem tapaðist og áður er um getið, og var talsverður áhugi á útlendum trjategundum á árunum upp úr 1900. Til marks um það eru plantanir t.d. í Brevik í Beiarnfirði og Storfjord í Saltdal. Um þetta má lesa í grein Sigurðar Blöndals í Ársriti Skógræktarfélags Íslands 1989, en á báða þessa staði komum við í þessari ferð og gefur þar að líta stórkostleg tré af ýmsum tegundum. Norðmennirnir eru þó ekki líklegir til að nýta mikið af þessari reynslu með erlendar trjategundir nema kannski á ystu ströndum, þar sem mikill áróður er nú rekinn fyrir því að halda sem mest í innlendar trjategundir og að breyta náttúrulegri ásýnd skógarins sem minnst. Náttúruverndarsinnar eru á ferðinni í Noregi ekki síður en hér á Íslandi og á þessum slóðum heyrðum við oft talað um að vernda laufskóginn sem er afar

útbreiddur, fyrir þeim vondu mönnum sem vilja gróðursetja greni þar sem áður stóð laufþykki, sem nýtist varla til annars en eldiviðar. Þar sem rauðgreni hefur verið plantað á gott land í stað laufskógarins, framleiðir það allt að 10 sinnum meira timburmagn en laufskógarinn gerðu.

Þrátt fyrir það sem hér hefur verið sagt, eru framleiddar um 4 milljónir skógarplantna árlega í Nordlandsfylki í tveimur gróðrarstöðvum: Alstahaug planteskole sem er í eigu Skógræktarfélagins í Helgeland í suðurhluta fylkisins og Rognan planteskole sem er í eigu Skógræktarfélagins í Salten og framleiðir fyrir norðurhluta fylkisins.

Nú verður greint nokkuð frá þeim viðfangsefnum sem flokkarnir þrír fengust við og hvað þátttakendur sáu á ferðum sínum.

1. Hópurinn í Junkerdal hafði það sem verkefni að planta skógarfuru og birki í reit, þar sem áður hafði staðið furuskógur, en hafði verið höggvinn. Við gróðursetninguna var fengist þá þrjá dagparta sem við vorum við vinnu. Notast var við bakkaplöntur sem pakkað var í spónkassa. Plönturnar komu af frysti frá gróðrarstöðinni á Rognan og voru að sjálfsögðu ekkert farnar að brjóta af sér vetrardvalann. Plöntunarverkfæri: hol pípa og vasabelti.

Plantað með 2x2 metra millibili. Áætlað lifunarhlutfall 60 %. Skaðvaldar: frost, mús, elgur.

Þriðjudagskvöldið 27. júní var farið með rútu suður á Saltfjall til að komast á heimskautsbauginn. Þar eru miklar byggingar með safni og veitingahúsi, að ögleymdri minjagripaverslun. Þarna er aðeins opið í þrjá og hálfan mánuð á ári, en rekst-



Við kaffibálið í Junkerdal. Elgsteik undirbúin.

Mynd: RG.

ur staðarins gengur vel að sögn, enda túristarnir margir sem vilja eiga minjagrip frá heimskautsbaug, ásamt vottorði um að hafa komið þar.

Hinn 28. júní var Storfjord í Saltdal heimsótt. Þar tók á móti okkur sveitarstjórinn í Saltdal sem flutti ræðu um aðstæður í sveitarfélaginu. Á Storfjord sáuum við tilbúna „tjörumílu“ sem er útbúnaður til að framleiða tjöru, sem unnin er úr kjarnaviði furu. Furan er höggvinn í litla kubba sem raðað er í „míluna“ líkt og þegar menn eru að gera til kola.

„Mílan“ er þakin torfi og síðan kveikt í öllu saman. Undan kestinum rennur um þar til gerða rás tjaran, sem leysist út við hitann af brunanum. Þetta er mikið verk og seinlegt en var nauðsynlegt til að fá fúavarnarefni til varðveislu ýmissa smíðisgripa, s.s. báta.

Á Storfjord var skýrt fyrir okkur hvernig „flotar“ voru búnir til. Timburflotar voru búnt af bolum sem fleyta skyldi niður árnar að sögunarmyllunum og til þess þurfti talsverða tækni við að binda bolina saman og stýra öllu saman svo ekki strandaði. Floti var í byggingu og skyldi

fleytast innan skamms. Fleyting er ekki lengur stunduð í Noregi, en menn vilja halda þekkingunni við og því eru flotar gerðir einstöku sinnum. Þetta er einnig hluti af túristamenningunni.

Á Storfjord er talsvert um erlendar trjátegundir. Áberandi er síberískur þinur sem þarna er mjög stórvaxinn, enda síðan um aldamótin 1900. Helsta áhyggjuefni Norðmannanna var það að þinurinn myndi með tímanum ryðja út innlendum skógi, enda var hann farinn að sá sér mikið í næsta nágrenni. Margt annarra erlendra tegunda mátti þarna sjá, en um þær skal vísað í grein Sigurðar Blöndals í ársriti Skf.Ísl. 1989.

Í þorpinu Rognan er lítið safn sem opnað var 1994. Það eru sveitarfélagið í Saltdal og norska vegagerðin sem standa að safninu. Það heitir „Blóðvegafnið“ . Það lýsir aðstæðum stríðsfanga hernámsliðs Þjóðverja í seinni heimsstyrjöldinni. Þetta er lítið safn en afar áhrifamikil, sem lýsir miklum hörmungum fanganna og ótrúlegri grimmd stríðsherranna.

Þetta er heimur gaddavírs,

hungurs, pyndinga og dauða. Blóðvegir voru þeir vegir gjarnan nefndir sem lagðir voru af stríðsföngum, sumir hverjir notaðir enn þann dag í dag. Fangabúðirnar voru víða í Nordlandsfylki og flestir fangarnir notaðir til að leggja vegi, sem áttu að ná nyrst norður í Noreg, en ófriðurinn stóð ekki nógu lengi til að Þjóðverjunum tækjust áform sín í þeim efnum. Þetta er safn sem vert er að skoða til að átta sig á ótrúlegum hörmungum styrjalda, sem við Íslendingar höfum verið blessunarlega lausir við.

## 2. Frásögn Þorgeirs Þorsteinssonar, stjóra hópsins sem fór til Steigen.

Leiðir hópanna þriggja skildu á flugvælinum í Bodø. Bílstjórar voru komnir til að sækja einstaka hópa og flytja þá á áfangastað. Bílstjóri okkar hóps hét Egill Petersen. Hópurinn átti eftir um það bil 5 tíma akstur norður eftir til Norfold í sveitarfélaginu Steigen (íbúatala um 3.300).

Eftir um það bil klukkustundar akstur var komið til bæjarins Fauske. Bærinn er fyrst og fremst þjónustumiðstöð fyrir Salten. Um bæinn liggja meginflutningaæðar Noregs. Þar er nyrsta stöð í járnbrautakerfi Norðmanna.

Áfram var haldið í gegnum sveitarfélagið Serfold. Serfold er sérlega fallegt, fjöllótt og skógi vaxið landsvæði, sérlega vinsælt til útivistar. Í Straumen er járnblendiverksmiðja Elkem, Salten Verk, þar í nokkurra kílómetra fjarlægð er þjóðgarðurinn "Rago". Salten Verk var fyrirmynd Norðmanna að Járnblendiverksmiðjunni á Grundar-tanga.

Vegurinn norður eftir var góður malbikaður vegur, ein akrein í



Sigurlína Jóhannesdóttir, Sverrir og Bára í baksýn við plöntun við Sirisnes.

Mynd: Þ.Þ.

hvora átt. Hámarkshraði vegarins var 80 km. Egill hélt sig allan tímann undir hámarkshraða. Ef Íslendingarnir höfðu orð á því að hægt væri ekið bauð hann þeim á sinn sjarmerandi hátt að taka við akstrinum. Enginn þáði boðið.

Mörg jarðgöng eru á leiðinni. Síðustu jarðgöngin voru byggð fyrir um 10 árum og eru yfir 8 km löng. Með þeim komst Steigen fyrst í beint vegasamband við umheiminn. Áður var einungis um sjóleiðina að ræða. Komið var út úr göngunum við Forsan. Þar var að og útsýnis notið. Fjallasýn yfir til Lófóten var ægífögur.

Áfram var haldið og næst stansað í Leinesfirði. Leinesfjörður er miðstöð stjórnsýslu í Steigen. Þar tóku Gjermund Laxaa, skogbrukssjef, og Atle Nystadt, skogmester, móti hópnum og héldu stuttan kynningarfund um sveitarfélagið. Frá Leinesfirði var haldið ca. 20 mínútna akstur yfir í Lýðháskóla kvenna (Kvinneuniversitetet

Nord) í Norfold þar sem hópurinn gisti þann tíma sem dvalið var í Steigen.

Eftir kvöldmat kom Gjermund. Hópurinn settist niður í fundarherbergi skólans. Gjermund fór tölulega yfir skógræktarmál og atvinnumál í Steigen. Íslendingarnir sögðu frá skógræktarmálum á sínum heimaslóðum. Var þetta hinn ánægjulegasti fundur. Meira var ekki gert fyrsta daginn.

Verkefni fyrsta daginn var að planta lerki og greni í reit við Sirisnes þar sem birki stóð og hafði staðið. Hópurinn mætti snemma morguns á staðinn. Þegar fara átti út í skóg mætti blaðamaður Norðurlandsþóstsins á staðinn og tók myndir af hópnum.

Heilsðuviðtal birtist svo um afrek hópsins í næstu helgarútgáfu blaðsins.

Sömu verkfæri og sami þéttleiki plantna var notaður og hjá hóp 1. Mjög fjölskrúðugur og öflugur gróður var í skógarbotninum.

Það rigndi mikið fyrsta daginn. Ilmurinn úr skóginum var yndislegur.

Næsti dagur fór alfarið í skoðunarferðir. Farið var til Sagen og skoðuð gömul vatnsknúin sögunarmylla. Myllan var mjög hugvitsamlega byggð með mismunandi hverfilhjólum, knúnum af vatni sem sneru sagarblaði eða knúðu mismunandi vindur.

Frá Sagen var haldið út í Engeløya. Eyjan tengist fastlandinu með nýlegri brú. Þegar komið var yfir brúna var komið að krossgötum. Þar tók á móti okkur Anne Marie Bjørli sem leiðsögumaður um eyjuna. Hádegismatur var borðaður heima hjá henni. Að því loknu var hringferð um eyjuna haldið áfram.

Mikið er um mannvistarleifar á

eyjunni. Þær ná allt frá seinni heimsstyrjöld aftur til bronsaldar. Fallbyssuvirkid (Batterie Dietl) í Bø var skoðað. Á árunum 1941 til 1943 byggðu 5000 manns, þar af um 2000 rússneskir stríðsfangar, þessi miklu virki. Aðalvirkin voru 3 með svokölluðum „Adolfs“ fallbyssum. Þetta voru 22 metra langar fallbyssur með um 50 km langdrægni sem voru ætlaðar til að verja innsiglinguna til Narvik.

Áfram var haldið og næst skoðuð Steigen-kirkja. Kirkjan stendur á gamla höfðingjasetrinu Steig. Kristni var tekin á Steig rétt fyrir árið 1000. Þá var þar byggð fyrsta trékirja á staðnum. Kirkjan sem er á staðnum í dag var að mestu byggð í lok 19. aldar á grunni gamallar steinkirkju sem byggð var um 1250.

Byggðasafnið í Steigen er til húsa í gamla læknisbústaðnum Breidablikk. Þar var drukkið kaffi með vöflum og safnið skoðað. Hús prestsins er þar rétt hjá. Í lok 19. aldar var byrjað að gróðursetja í garði hússins. Þar mátti sjá völdugt lerki, eik og kastaníutré og eplatré í blóma. Þessi tré eiga ekki að geta þrífist þetta langt í norðri en þökk kalkríkri jörðu, skjóli af fjöllum og fjallahring sem drekkur í sig sólarvarmann á daginn og geislar honum út á kvöldin, standa þessi yfir 100 ára gömlu tré hér.

Daginn eftir var gróðursett við Laxárvatn í landi Laxár. Øvind, bróðir Gjermundar, stjórnaði þeirri gróðursetningu sem var samsvarandi og verkefni fyrsta dagsins. Jörðin er kalkrík og vel skógi vaxin. Handan vatnsins mátti í fjarska sjá í bland gróðurlítill svæði. Þetta var skýrt sem súr innkot í kalkríka jörð. Á leiðinni var skoðuð nýbyggð vatnsmylla til mölunar á hveiti. Myllan



Íslenski hópurinn á verönd bæjarins Laxá í Steigen.

Mynd: Þ.Þ.



Úr fallægum norskum birkiskógi.

Mynd: B.G.

var byggð til að kynna núlifandi íbúum gömul vinnubrögð.

Eftirmiðdagurinn var notaður til að fara á bát frá Norfold út á fjörðinn til að skoða laxeldi „Nor Aqua“ á staðnum. Stöðina sýndu Torvald Sivertsen og Gjermund Laxaa. Í stjórnstöð stöðvarinnar í báti úti á firðinum fengum við fyrirlestur um laxeldi og uppbyggingu Norðmanna á laxeldisstöðvum. Það sem eftir situr úr þeim fyrirlestri er að laxeldi sé mjög hagkvæmt eldi,

hlutföll á fóðurþörf á móti laxþunga sé um það bil 1 og að byggja eigi nýtt vinnsluhús í Leinesfjord.

Um kvöldið var lokahóf fyrir okkur Steigenfara að Laxá. Lax var á borðum. Að venju heimilisins stjórnari Jan Laxá, gamli bóndinn, suðu laxins og kona hans Randil framreiðslu hans. Mikið var rætt um landbúnað, fiskeldi, ferðamennsku og skógrækt. Var þetta hið ánægjulegasta kvöld.



Hópmynd, tekin í Bodø.

Mynd: Þ.Þ.

Næsta morgun kom Egill á bíl sínum til að flytja okkur suður til Fauske. Við Forsana var aftur áður en farið var í jarðgöngin og þar með var Steigen kvatt.

Komið var til Fauske rétt eftir hádegi. Þar kvöddum við Egil og sameinuðumst hinum hópunum.

3. Frásögn Þorvarðar Örnólfs-sonar, hópstjóra Skjerstadhópsins.

Þegar hefur verið sagt frá þriðjudagsferðinni suður á heimskautsbaug (já, suður, það er rétt lesið!) þar sem við hittum hópinn frá Junkerdal í „Polar-sirkelcentret“ og hver maður fékk skrautlegt vottorð um að hafa farið yfir þann merka baug.

Á miðvikudaginn var farið með okkur um Skjerstads-sveit til að veita okkur dálitla innsýn í sögu og menningu svæðisins. Fengum við sérstakan leiðsögumann, Odd Lekang. Kunnir hann frá mörgu að segja og átti það til að vitna í Snorra! M.a. skoðuðum við mikla og fagra kirkju á hinum eiginlega Skjerstad („Skírmarstað“), sem sveitin er



Hestakastanía í Bodø.

Mynd: B.G.

kennd við. Þarna hefur með fullri vissu verið kirkjustaður meira en 600 ár, og trúlega miklu lengur. Einnig gengum við um svæði þar sem eru frægir haugar og grafsteinar úr heiðnum sið, skoðuðum fornt bænhús og „verbúðir“ sjómanna og fleira, að ógleymdri verðlaunahöggmyndinni Protractus (gráðuboga) eftir landa okkar, Kristján Guðmundsson. (Var þetta ekki dagurinn sem þær geystust nokkrar saman inn í baðklefann, þessar elskur, og fundu þar fyrir ungan og limafagran Norðmann undir einni sturtunni?)

Á fimmtudaginn var svo farið „til selja“, þangað sem heitir „Ljösenhammer sæter“ á leiðinni yfir til Rognan. Hittist að vísu svo á að geiturnar voru rétt ókomnar í selið en vanalega eru þær þarna um þrjú hundruð talsins yfir sumarmánuðina. Að lokinni kaffidrykkju í veitingahúsi staðarins fórum við að skoða marmaranámu sem er þar nærri. Starfsemin lá niðri en flestir tóku smásýnishorn til að hafa með heim.

Þetta kvöld áttum við notalega stund með Viggó, þökkuduð honum með virktum fyrir ánægjuleg kynni og samveru og færðum honum smágjöf til minja. Hann svaraði hnyttilega fyrir sig og söng fyrir okkur að skilnaði fagran óð til áttahaganna.

Ekki var unnið lengi á föstudaginn enda skyldi nú ekið sem leið lægi til Rognan og þar tekin lest til Bodø. Við kvöddum Skjerstad þakklát fyrir skemmtilega og lærdómsríka daga á yndislegum stað sem erfitt var að ímynda sér að gæti legið fyrir norðan heimskautsbaug. Eftir okkur skildum við nokkur þúsund ungar trjáplöntur, komnar í

norska mold. Höfðum við fyrir satt að þær gætu eftir 80 til 100 ár verið orðnar að efni í 20 myndarleg timburhús!

Síðustu tveimur dögum heim-sóknarinnar eyddum við í Bodø. Það er vindasamt í Bodø. Logndagar í Bodø eru aðeins 6 á ári samkvæmt meðaltalstölum. Það blæs úr öllum áttum. Hafvindur af vestri, austanvindur; oft kallaður „siberíuhraðlestin“, og nöpur norðanátt. Þetta eru dálítið íslenskar aðstæður eða hvað. Jú, þegar betur var að gáð í garða og upp í krónur trjáanna mátti sjá að þarna vaxa þau tré og þær jurtir, sem vænta má að sjá í Reykjavík og fáar aðrar. Á skjólsælum stöðum innarlega í bænum mátti þó sjá tegundir sem hæfðu suðlægari stöðum. Sérstaklega kom á óvart að sjá eina og eina hestakastaníu sem var við ágæta heilsu. (Plantað 1935, hæð ca 13 metrar). Frá Bodø má áreiðanlega fá eitthvað af efni sem hentar hérlandis. Getu má þess, að úr Saltdal eru fyrstu viðjurnar og seljurnar ættaðar, sem hingað bárust á árum áður.

Bodø stendur yst við norðan-verðan Saltfjörð. Innan við Saltfjörð tekur við Skjerstadsfjörður. Þessir firðir eru tengdir saman með tveimur álum með eyju á milli. Í álum þessum sem heita




Yngsti íslenski þátttakandinn gróðursetur vinatré í Bodø.


Mynd: P.P.

„Saltstraumen“ gætir gífurlegra sjávarfallastrauma. Brú er yfir saltstrauminn. Er það mikið sjónarspil og mikil náttúruupplifun að sjá þegar 400 milljónir teningsmetra af sjó flæða um sundin tvö á hverju falli. Sundin eru um 70 metra breið hvort um sig, og um 31 metra djúp, en um þau flæðir jafnmikill massi sjávar og standandi viðarmassi alls skógar í Noregi, fjórum sinnum á sólarhring.

Sunnudagskvöldið 2. júlí var boðið til veislu og á borðum „elgsodd“ með flatbrauði, venjulegur veislukostur þeirra frænda vorra. Haldnar voru ræður, sungið og skálað eins og vera ber.

Viðstaddir voru ásamt Íslendingunum þeir Norðmenn flestir sem höfðu haft með íslensku hópana þrjá að gera: Otto John Navjord og Wiggo Pedersen sem sáu um hópinn í Skjerstad, fylkisskógarstjórinn Ørnulf Kibsgaard og nokkrir fleiri, þar á meðal Jon Strand, sem hér var í skógræktarferð 1986 á Laugarvatni. Þeir sáu um matseldina félagarnir, sem áður voru nefndir, Thor Arne Nesje, Baard Haavard Viken og Wiggo Johansen og tókst vel upp. Vel heppnaðri ferð var lokið með flugi frá Bodøflugvelli til Keflavíkur aðfaranótt mánudagsins 3. júlí 2000.





Græðum landin til framtíðar



ÁBURÐARVERKSMIDJAN HF.

Gulnesi - 128 Reykjavík - www.aburdur.is  
Sími 580 3200 - Fax 580 3209

- Farsæl þjónusta við bændur í 4S öð.



ÍSUGL

# Borum eftir vatni

Verktakar • Vélaleiga • Vökvaflleygur

Sprengingar • Rannsóknaboranir • Vatnsboranir

Pungaflutningar • Efnisflutningar

## Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.

Gagnheiði 35 • Selfossi

Símar 482 3500, 482 1147 & 852 5854

Veffang: [www.raekto.is](http://www.raekto.is) • Netfang: [raekto@raekto.is](mailto:raekto@raekto.is)



# SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR

Fossvogsblettur 1 • 108 Reykjavík

- ungt félag með áratuga reynslu
- vinnur að trjárækt og skógrækt í Reykjavík og víðar
- starfar með sveitarfélögum, einstaklingum og félagasamtökum